

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 7. febrúar 2024.

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027. 154. löggjafarþing 2023/2024. Þingskjal 813 – 584. mál. Stjórnartillaga.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027. Félagið styður tillöguna og tekur undir framtíðarsýn og markmið um að uppfylla 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, *að efla, veita og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess*. Félagið tekur undir mikilvægi þeirra sex flokka sem koma fram í framkvæmdaráætluninni, þ.e.:

- A. Vitundarvakningu og fræðslu
- A. Aðgengi
- B. Sjálfstætt líf
- C. Menntun og atvinnu
- D. Þróun þjónustu
- E. Lögfestingu

Að mati félagsins vantar þó einn flokk til viðbótar sem snýr að menningu, tómstundum og þátttöku í íþróttarstarfi og hvetur til þess að aðgerðum sem snúa að þeim þáttum verði bætt við framkvæmdaáætlunina.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill koma á framfæri ábendingum varðandi eftirfarandi greinar í framkvæmdaáætluninni:

A.4. Endurskoðun aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Innan Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins (RGR) liggur margra áratuga reynsla af því að veita fræðslu til grunnskóla þar sem byggt er á gagnreynðum aðferðum. RGR ætti því að vera samstarfsaðili í þessu verkefni. Þá hafa hagsmunasamtök eins og Eihverfusamtökin áhuga á að innleiða námsefni eða nálgun í fræðslu sem kallast LEANS og er upprunið í Skotlandi. Það var til dæmis kynnt á ráðstefnunni INSAR í Stokkhólmi vorið 2023 og benda rannsóknir til þess að það gefi góða raun þegar kemur að kennslu um fjölbreytileika út frá öðruvísi taugaproska og fötlun. Jafnframt má benda á að verulega skortir á kennslu um fötlun og hagnýtar aðferðir í kennslu og íhlutun fatlaðra nemenda, til dæmis í námi kennara og annarra fagaðila sem koma að því að sinna fötluðum börnum í skólum.

E.1. Styttri bið barna eftir þjónustumati og þjónustu.

Skýra þarf betur hvað þessi liður felur en vert er að hafa í huga að í mörgum erlendum klínískum leiðbeiningum um greiningu einhverfu segir að ekki sé æskilegt að biðtími eftir greiningu sé lengri en þrjú mánuðir. Má þar nefna bæði Sign98 og NICE leiðbeiningarnar. Þá er vert að skoða hvort ekki væri viðeigandi að Menntamálastofnun eða sú stofnun sem tekur við verkefnum stofnunarinnar væri samstarfsaðili að þessu verkefni þar sem aðkoma skóla að þeirri

þjónustu sem er veitt eftir að mat á stuðningsþörf eða greining hefur farið fram er mjög mikilvæg.

E.3. Samræmt verklag við mat á fötlun umsækjenda um alþjóðlega vernd og uppbygging viðeigandi stuðningsúræða.

Hér mætti bæta Geðheilsuteymi taugabroskaraskana og Samtökum sveitarfélaga við sem samstarfsaðila. Aðkoma sveitarfélaganna að þessari vinnu er mjög mikilvæg þar sem þjónustan er yfirleitt á þeirra vegum. Geðheilsuteymi taugabroskaraskana sinnir ráðgjöf vegna einstaklinga eldri en 18 ára og þar er til staðar fagfólk með þekkingu og reynslu sem gæti komið að gagni við greiningarvinnu og mat af því tagi sem þarna er lýst.

E.6. Áætlun um sértæka geðheilbrigðisþjónustu við fatlað fólk.

Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins (RGR) mætti vera samstarfsaðili að þessu verkefni. RGR sinnir ungmennum til 18 ára aldurs og hafa vitneskju um þarfir þess hóps sem RGR sinnir og hvað er brýnt að huga við þessi tímamót með tilliti til geðheilbrigðisþjónustu.

Að lokum vill félagið nefna að Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) gæti verið mikilvægur samstarfsaðili þegar kemur að umfjöllun um fötluð börn í ljósi þess að hlutverk þeirrar stofnunar hefur verið útvíkkað verulega frá því sem áður var með tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. BOFS hefur til að mynda verulegu hlutverki að gegna við innleiðingu þessara laga sem tengjast málefnum fatlaðra barna og að mati félagsins mikilvægt að þar sé til staðar viðamikil sérþekking á málefnum fatlaðra barna, bæði í tengslum við innleiðingu laganna en ekki síður varðandi fötluð börn sem þurfa sérhæfð úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill vekja athygli á því að félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda. Þeir búa yfir viðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Félagsráðgjafar eru ein af lykilstéttum þegar kemur að starfi með fötluðu fólki, fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Þeir vinna með einstaklingum sem glíma við fátækt, fíknisjúkdóma og félagslegan vanda, sinna barnaverndarmálum, málefnum eldra fólks, flóttamanna og annarra innflytjenda. Þeir hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi. Þannig má ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins. Nám félagsráðgjafa er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um lögild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill jafnframt taka undir það sem fram kemur í umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar dags. 29. janúar sl. Félagið er reiðubúið að taka þátt í þeirri vinnu sem fram undan er og fylgja þessari umsögn eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður

Umsögnin var unnin í samvinnu við fagdeild félagsráðgjafa sem vinna að málefnum fatlaðs fólks.